

Bæjarstjóri Garðabæjar
Gunnar Einarsson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	13.02.2017
Málalykill	09.0
Mál nr.	1702193

Garðabæ, 12. febrúar 2017

Athugasemdir vegna óskar Regins hf. um breytingu á deiliskipulagi fyrir Garðatorg 1 ásamt ósk um breytingu á skipulagi Hrismóa.

Samkvæmt forsiðufrétt í Garðapóstinum og á bls. 14, fimmtudaginn 26. janúar 2017 kemur fram að Reginn hf. hafi sent inn ósk um breytingu á deiliskipulagi fyrir Garðatorg 1. Samkvæmt fréttinni kemur fram að tillagan feli m.a. í sér byggingu á 7 hæða fjölbýlishúsi á norðurhluta lóðarinnar, sem yrði næsta bygging við bygginguna að Hrismóum 13.

Íbúar Hrismóa 13 fagna að mestu leiti þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað á Garðatorgi. Líf hefur aukist umtalsvert í verslunarkjarnanum og nýjar verslanir og þjónusta hafa bæst við það úrval sem fyrir var. Þó er tvennt sem íbúar Hrismóa 13 telja að hafa verið mikil mistök við uppbyggingu nýs Garðatorgs. 1) Hæð byggingarinnar við Garðatorg 2b og 2) færsla vörumóttöku þess verslunarrýmis sem Víðir er nú staðsett í. Það skýrist nánar hér:

1. Hæð byggingarinnar við Garðatorg 2b. Byggingin er 9 hæða bygging ef bílakjallarin er með talinn sem er í sömu hæð og jarðhæð fjölbýlishússins við Hrismóa 13. Síðastliðið sumar eftir að bygging hússins náði fullri hæð kom í ljós að byggingin skyggir algerlega á sól við Hrismóa 13 milli kl. um 16 og 18 þannig að pallur og grasflöt við húsið verður lítt nothæf á þeim tíma. Hér áður var hægt að nýta pallinn og garðinn á góðviðrisdögum á þessum tíma, t.d. fyrir barnaafmæli eða sólboð eftir vinnudag, en eins og gefur að skilja er það ekki áhugaverður kostur lengur. Það á einnig við þann tíma sumars þegar sól er hæst á lofti. Bílakjallari Garðatorgs og fjölbýlishúsa við Garðatorg 2a, 2b og hefur einnig inn og útkeyrslu í gegnum Hrismóa sem íbúar fjölbýlishúsanna nýta sér óspart með tilheyrandi aukningu í umferð um götuna.
2. Vörumóttaka Víðis. Önnur mistök sem samþykkt voru var að heimila flutning á vörumóttöku Víðis inn í Hrismóa með allri þeirri þungaumferð sem því fylgir. Nú er stanslaus umferð vöruflutningabíla um áður kyrrláta götuna með tilheyrandi hættu fyrir íbúa, þá sérstaklega börn. Ásamt því bíða flutningabílarnir með bílana í gangi allt í kringum húsið eldsnemma á morgnana þar með talið beint fyrir utan svalir Hrismóa 13 með tilheyrandi mengun og hávaða.

Samkvæmt fréttinni í Garðapóstinum hefur breytingartillagan sem fasteignafélagið Reginn hefur sent til Garðabæjar í för með sér mögulegar breytingar sem virðast bæði leysa eitt af ofangreindum vandamálum en eykur önnur með því móti sem íbúar Hrismóa 13 geta ekki sætt sig við.